



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 4. maí 2023 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Erla María Lárusdóttir, Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

Niels Guðmundsson endurskoðandi sveitarfélagsins sat fundinn undir 1. dagskrárlið. Niels notaðist við Teams Fjarfundabúnað.

Ólafur Þór Ólafsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 1. og 2. dagskrárlið.

Sara Diljá Hjálmarsdóttir og Guðrún Elsa Helgadóttir skólastjórnendur Höfðaskóla sátu fundinn undir 4. dagskrárlið.

Halldór Gunnar Ólafsson oddviti stjórnaði fundi. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### **Oddviti lagði fram tillögu þess efnis að bæta eftirfarandi liðum á dagskrá undir :**

*a. Samningur um slátt á opnum svæðum.*

*b. Bréf frá Söru Diljá Hjálmarsdóttur, Helenu Möru Velemir, Arnóri Tuma Finnssyni dags. 3. mars 2023*

**Efni:** Árshátíð starfsfólks

Tillagan borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða með 5 greiddum atkvæðum.

### **1. Ársreikningur sveitarfélagsins 2022 – síðari umræða**

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana til síðari umræðu. Ársreikningurinn var tekinn til fyrri umfjöllunar á fundi sveitarstjórnar þann 5. apríl. s.l.

Rekstrarniðurstaða samstæðu A - og B -hluta á árinu 2022 var jákvæð um kr. 629 þús. samanborið við kr. 73,0 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun með viðaukum. Afkoma samstæðunnar var því kr. 73,6 millj. betri en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir. Samtals var nettó niðurstaða þeirra viðauka sem gerðir voru kr. 18,5 millj. til lækkunar á rekstrarafkomu ársins.

Rekstrartekjur A og B hluta námu kr. 792,1 millj. á árinu 2022 og hækka um 12,1% milli ára. Rekstrartekjur samstæðunnar eru 8,3% yfir áætlun ársins 2022 með viðaukum. Útsvarstekjur hækka um kr. 40,5 millj. milli ára eða 13,4%. Framlög frá jöfnunarsjóði hækka um kr. 5,3 millj. eða 17,9%.

Laun og launatengd gjöld A og B hluta námu kr. 363,8 millj. á árinu 2022 og hækka um kr. 31,3 millj. eða 9,4%. Liðurinn er í heild vel í takti við áætlun ársins en viðaukar við fjárhagsáætlun gerðu ráð fyrir kr. 12,2 millj. í aukin útgjöld vegna launakostnaðar. Gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga er um kr. 4,8 millj. sem er um kr. 14,2 millj. undir áætlun. Á árinu hækkaði áætluð hlutdeild sveitarfélagsins í lífeyrisskuldbindingunni úr 59,1% í 59,7%.



Annar rekstrarkostnaður A og B hluta nam kr. 372,4 millj. á árinu 2022 og hækkar um kr. 42,9 millj. eða 13,0%. Liðurinn er aðeins yfir áætlun ársins eða kr. 2,1 millj. sem er 0,6% frávik.

Afskriftir A og B hluta námu kr. 46,5 millj. og hækka aðeins milli ára sem er í takti við áætlun ársins.

Fjármagnsliðir hjá A og B hluta voru neikvæðir um kr. 4,0 millj. á árinu 2022 sem er í takti við áætlun ársins

Jákvæð frávik frá áætlun eru í skatttekjum vegna hærri útsvarstekna og framlaga frá jöfnunarsjóði, félagsþjónustu vegna endurútreiknings á framlögum vegna málefna fatlaðra, umferðar og samgöngumálum vegna lægri kostnaðar við snjómokstur, breytingu á lífeyrisskuldbindingum og hjá hafnarsjóði vegna tekna af afla- og þjónustugjöldum. Helstu neikvæðu frávikin eru í atvinnumálum vegna gjaldfærslu í tengslum við sjóbaðaverkefni, í sameiginlegum kostnaði vegna launa og aðkeyprtar sérfræðiþjónustu og viðhaldi eignasjóðs.

Tap varð á rekstri A -hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði að fjárhæð kr. 31,5 millj. samanborið við kr. 81,7 millj. tap fyrir afskriftir og fjármagnsliði skv. fjárhagsáætlun með viðaukum. Rekstrarniðurstaða A -hluta var neikvæð á árinu 2022 um kr. 52,7 millj. samanborið við kr. 109,1 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun.

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta hækka um kr. 155, 5 millj. milli ára og nema samtals kr. 1.346,9 millj. í árslok 2022.

Lóðir og lendur sveitarfélagsins voru endurmetnar og nam endurmatshækkun vegna þeirra kr. 21,7 millj. Heildarfjárfesting samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu nam kr. 199,5 millj. en afskriftir námu kr. 46,5 millj.

Á árinu voru seldar tvær íbúðir hjá félagsíbúðum en söluverð varanlegra rekstrarfjármuna nam í heild kr. 36,3 millj. á árinu og söluhagnaður kr. 17 millj.

Helstu fjárfestingar ársins voru: Fráveitukerfi kr. 63,1 millj. nettó að teknu tilliti til kr. 15,4 millj. ríkisframlags. Grunnskóli endurbætur kr. 44,6 millj. Túnbraut 1-3 skrifstofuhúsnæði endurbætur kr. 32,0 millj. Gatnaframkvæmdir og malbikun kr. 20,1 millj. Slökkvistöð endurbætur kr. 14,7 millj. Hafnarmannvirki kr. 11,0 millj. nettó að teknu tilliti til kr. 2,3 millj. ríkisframlags.

Handbært fé samstæðu A og B lækkar um kr. 156,9 millj. milli árana 2021 og 2022. Sveitarfélagið tók engin ný lán á árinu en nýtti rekstrarfé og laust fé í fjárfestingar. Veltufjárlutfall samstæðunnar er áfram hátt en það lækkar þó nokkuð milli ára og er 3,6 í árslok 2022 samanborið við 5,7 í ársbyrjun

Skuldir við lánastofnanir lækka um kr. 16,1 millj. milli ára en þær voru kr. 110,3 millj. í árslok samanborið við kr. 126,4 millj. í ársbyrjun. Langtímaskuldir sveitarfélagsins eru allar vegna félagslegra íbúða. Tvö skuldabréf voru gerð upp á árinu vegna eigna sem voru seldar á árinu 2022. Engin lántaka var gerð á árinu 2022 hjá samstæðunni.

Skuldahlutfall samstæðu sveitarfélagsins sem reiknað er í samræmi við reglur um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga var -1% í árslok 2022 en heimilt er að draga veltufjármuni og fleiri liði frá skuldum við útreikning á hlutfallinu.

Sveitarstjórn ræddi ársreikninginn, samþykkti hann og áritaði að lokinni umræðu.





## 2. Rekstrar- og fjárfestingayfirlit jan-mars 2023

Fyrir fundinum lá rekstrar- og fjárfestingayfirlit vegna jan.-mars 2023 sem Ólafur Þór og sveitarstjóri fóru yfir og útskýrðu. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.

## 3. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir málefni á vettvangi sveitarfélagsins og verkefni sem unnið hefur verið að frá síðasta fundi. Fram kom að fráveituframkvæmdir séu komnar vel á veg og verkið á áætlun. RARIK áformar að að leggja háspennustreng frá spennistöð á Fjörubraut og að spennistöð við Einbúastíg og hafa óskað eftir því að samnýta skurð með fráveitu eftir því sem hægt er. Þá er áætlað að Vegagerðin malbiki Fellsbraut, hluta af Oddagötu og Strandgötu í sumar og er stefnt að því að malbikunarframkvæmdir verði unnar í samfloti við Vegagerðina til að ná fram hagræðingu í framkvæmdum. Varðandi aðrar framkvæmdir sem áætlaðar eru í sumar þá er gert ráð fyrir að múrviðgerðir á suðurhlíð Fellsborgar hefjist á næstu tveimur vikum en mjög erfitt hefur verið að fá múrara til verksins síðustu ár. Samið hefur verið við Múr- og málningarþjónustunni Höfn í Reykjavík. Skýrslan var að öðru leyti lögð fram munnlega og til kynningar.

## 4. Málefni Höfðaskóla

Sara Diljá Hjálmarsdóttir skólastjóri og Guðrún Elsa Helgadóttir aðstoðarskólastjóri komu inn á fund sveitarstjórnar og fóru yfir málefni skólans. Farið var yfir viðhaldsþörf, starfsmannamál, tæknimál og athugasemdir frá öryggisráðgjafarmanni og öryggisverði sem snúa að öryggisþáttum á skólalóð og í verkgreinastofu skólans. Sveitarfélagið mun taka athugasemdirnar til skoðunar og kanna leiðir til úrbóta.

## 5. Skógrækt – drög að samningi um viðhald girðinga

Fyrir fundinum lágu drög að samningi um viðhald girðinga á skógræktarsvæði sem liggur við rætur Spákonufells og girt var og beitarfriðað sumarið 2022. Er samningurinn viðauki við samstarfssamning milli aðila frá 9. apríl 2020. Sveitarstjórn ræddi framlögð drög og lagði til breytingar sem sveitarstjóra var falið að gera á samningnum í samstarfi við samningsaðila. Var samningur borinn upp til atkvæðagreiðslu og samþykktur samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

## 6. Slökkvilið – samstarfssamningur við Brunavarnir Skagafjarðar

Fyrir fundinum lágu drög að samningi um gagnkvæma aðstoð við Brunavarnir Skagafjarðar. Fram kemur í samningnum að aðilar séu sammála um að beita ekki 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/2000 með síðari breytingum þar sem mælt er fyrir um að það sveitarfélag sem nýtur aðstoðar greiði kostnað við



hana. Verður gagnkvæm aðstoð samkvæmt samningi því veitt án endurgjalds. Var slökkviliðsstjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar.

## 7. Slit byggðasamlaga

Fyrir fundinum lá tölvupóstur frá Húnabyggð dags. 11. apríl sl. þar sem lagðar eru fram tillögur að útfærslu slita á Byggðasamlagi um Menningar- og atvinnumál, Byggðasamlagi um Tónlistarskóla Austur Húnavatnssýslu og Byggðasamlagi um Félags- og skólaþjónustu. Aðildarsveitarfélög hafa öll samþykkt að slíta samstarfinu háð ákveðnum forsendum. Í tillögunni er lagt til að slit fari fram 1. júlí nk. Að mati sveitarstjórnar þarf að útfæra framlagðar tillögur með nákvæmari hætti svo hægt sé að taka afstöðu til þeirra. Greina þarf uppgjör með uppgjör á eignum og skuldbindingum sem og hvernig tryggja eigi þann almannahag sem þjónusta byggðasamlaganna felur í sér. Horfa verður heildstætt á framkvæmd slita með það í huga að viðkomandi sveitarfélögum sé veittur tilhlýðilegur frestur til að tryggja þá þjónustu eða starfsemi sem um er að tefla, og þá einnig að tryggja að hægt sé að veita hana án þess að kostnaður þar af hækki verulega.

## 8. Vinnuskóli 2023

Fyrir fundinum lá tillaga að launataxta fyrir Vinnuskóla sveitarfélagsins vegna 2023.

14 ára 30% af lfl. 117-1 902 m/orlofi (var 829 m/orlofi – hækkun um 8,8%)

15 ára 40% af lfl. 117-1 1.203 m/orlofi (var 1.105 m/orlofi – hækkun um 8,8%)

16 ára 50% af lfl. 117-1 1.504 m/orlofi (var 1.382 m/orlofi – hækkun um 8,8%)

Flokkstjóri vinnuskóla 127-1 = 469.910 Dv 2.889,95 Yv 4.880,02 + 13,04% orlof til viðbótar.

Sumarstarfsmaður 117-1 = 432.545 Dv 2.660,15 Yv 4.491,98 + 13,04% orlof til viðbótar.

Launafl.	Mán.laun	dagv.	yv.
117-1	432.545,00	2.660,15	4.491,98
127-1	469.910,00	2.889,95	4.880,02
orlof	13,04%		

14 ára	902	829	8,8%
15 ára	1.203	1.105	8,8%
16 ára	1.504	1.382	8,8%

Framlögð tillaga var borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða með 5 greiddum atkvæðum.



## 9. Samningur um slátt á opnum svæðum

Fyrir fundinum lágu drög að samningi um slátt á opnum svæðum í sveitarfélaginu við S5 verk ehf. Samningurinn gildir frá 1. júní 2023 til 31. maí 2026. Var samningurinn borinn upp til atkvæðagreiðslu og samþykktur samhljóða með fimm greiddum atkvæðum. Var sveitarstjóra falið að undirrita samninginn.

## 10. Bréf

### a. Elva Þórisdóttir og Ólafur Sveinn Ásgeirsson dags. 13. apríl 2023

Fyrir fundinum lá bréf frá Elvu Þórisdóttur og Ólafi Sveini Ásgeirssyni ábúendum að Litla Felli þar sem óskað er eftir því að sveitarfélagið kosti til ljósastaura og uppsetningu á þeim við heimreið lögbýlisins. Sveitarfélagið telur sér ekki fært að verða við erindinu.

### b. Pekka Luoma og Pasi Perämäki oddvita og borgarstjóra Lohja dags. 17. apríl 2023

Fyrir fundinum lá erindi frá borgarstjóra og oddvita Lohja í Finnlandi þar sem fulltrúum sveitarfélagsins er boðið til 700 ára afmælishátíðar bæjarsins. Sveitarfélagið hefur verið aðili að norrænu vinabæjarsamstarfi sem Lohja er einnig aðili að. Sveitarfélagið afþakkar boðið. Þá er sveitarstjóra falið að senda aðildarsveitarfélögum að vinabæjarsamstarfinu erindi þess efnis að sveitarfélagið þakki fyrir gott samstarf á liðnum áratugum en á þessum tímapunkti sé það vilji sveitarfélagsins að segja sig úr samstarfinu.

### b. Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri SSNV dags. 21. apríl 2023

Fyrir fundinum lá erindi SSNV þar sem kynnt er fræðsluferð fyrir sveitarstjórnarfulltrúa til Skotlands í ágúst nk. og óskað eftir skráningu í ferðina fyrir 12. maí. Erindið var lagt fram til kynningar en ekki ljóst hver þáttakan verður. Var sveitarstjóra falið að senda skráningu til SSNV fyrir lok frestsins.

### c. Stjórn Umf. Fram dags. 27. apríl 2023

Péturína Laufey vék af fundi undir þessum lið.

Fyrir fundinum lá erindi frá Ungmennafélaginu Fram. Í erindinu kom fram vilji til þess að breytingar verði gerðar á grasi á sparkvelli á skólalóð. Stjórn Ungmennafélagsins vill leggja





sitt fram af mörkum og greiða 1,5 mkr. upp í kostnað við framkvæmdina. Stjórn setti sig í samband við Metatron til að meta grasið á vellinum. Grasið er vel farið og er það mat Metatron sem er fagaðili að það nægi að skipta kurlinu út og þrifa völlinn. Heildarkostnaður við framkvæmdina er áætlaður 3,5 mkr. að viðbættum förgunarkostnaði. Fram kom að sveitarstjóri hafi fyrir stuttu farið í heimsókn til nemenda í Höfðaskóla þar sem þau kynntu sínar áherslur varðandi hvað þeim þykir að megi betur fara í sveitarfélaginu. Í máli þeirra kom fram að þeim væri það mikið í mun að kurli á sparkvellinum yrði skipt út enda nota þau hann mikið. Sveitarstjórn þykir mikilvægt að hlusta á vilja barnanna og tekur því jákvætt í erindi Ungmennafélagsins.

Var erindið borið upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fjórum greiddum atkvæðum.

**d. Sara Diljá Hjálmarsdóttir, Helena Mara Velemir og Arnór Tumi Finnsson dags.**

**30. mars 2023**

Fyrir fundinum lá erindi ofangreindra aðila varðandi ósk um að sveitarfélagið standi fyrir árs hátíð fyrir starfsfólk sitt. Gróf kostnaðaráætlun fylgdi erindinu sem hljóðar upp á allt að 4,0 mkr. Óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar til erindisins og að sveitarfélagið leggi til fjármagn til verkefnisins. Var erindinu vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2024.

**11. Fundargerðir**

**a. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 23. mars 2023**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**b. Aðalfundur Norðurár bs. dags. 27. mars 2023**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**c. Stjórnar SSNV dags. 4. apríl 2023**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**d. Stjórnar Félags- og skóláþjónustu A-Hún dags. 4. apríl 2023**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**e. Stjórnar Náttúrustofu Norðurlands vestra dags. 25. apríl 2023**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**12. Önnur mál**

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.





Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.14:30

Halldór Guðnason

Halldór Gunnar Ólafsson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Erla María Lárusdóttir

Erla María Lárusdóttir

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

